

SAMÞYKKT

um viðauka við byggingarsamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar nr. 85,
frá 23. desember 1927.

103

30. sept.

Aftan við 48. gr. samþykktarinnar bætist nýr liður sem verður 11. tölu-
liður svo hljóðandi:

Öll hús eða húshlutar skulu fullgerð að utan innan 2ja ára eftir að þau
eru tekin til notkunar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og
samþykkt er hér með staðfest samkvæmt 15. gr. laga nr. 58, 28. nóvember 1919
til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga
að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð sra. Björns Björns-
sonar, prests í Laufási, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum, 5. október 1935.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð síra Björns Björnssonar prests í Laufási.

104

5. okt.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 500 kr., er gjöf til Svalbarðsstrandarhrepps frá frú Ingi-
björgu Magnúsdóttur, til minningar um mann hennar. Skal vöxtum sjóðsins
varið til styrktar sjúkum, eða til hjúkrunarstarfsemi í Svalbarðsstrandarhreppi,
eftir þeim reglum, sem hér eru settar.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera á vöxtum í Landsbanka Íslands. Ennfremur má verja
honum til kaupa á ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða jarðræktar-
bréfum.

3. gr.

Allir vextir leggjast árlega við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn það
stór að hann gefi 100 kr. í vexti á ári, en þá má verja $\frac{4}{5}$ hl. vaxtanna til styrktar

- 104 sjúkum eða til hjúkrunarstarfsemi, svo sem að ofan greinir, en $\frac{1}{5}$ hl. vaxtanna leggist við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 10000 kr., þá má verja $\frac{1}{10}$ hl. vaxtanna til styrktar en $\frac{1}{10}$ hl. leggist ætíð við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum og skal hreppstjóri Svalbarðsstrandarhrepps vera formaður, en tvo meðstjórnendur kys hreppsnefndin, og skal gilda um kjör þeirra og kjörtíma sama og um kjör hreppsnefndar.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir á sama hátt og reikningar hreppsins. Reikningsár skal vera almanaksárið.

5. gr.

Stjórn sjóðsins haldi fund í des. ár hvert og úthlutar þá styrk úr sjóðnum. Verði enginn að áleti stjórnar sjóðsins styrkhæfur, leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn það ár.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar formanni hans skriflega fyrir 1. desember.

6. gr.

Stjórn sjóðsins haldi gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir sjóðsstjórnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum og ástæður fyrir hverri styrkveitingu og annað sem varðar stjórn sjóðsins. Sjóðstjórnin haldi enn fremur bók yfir tekjur, gjöld og eignir sjóðsins, og færi í hana ársreikninga hans ásamt athugasemdum endurskoðenda.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á þessari skipulagsskrá.

8. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Gestsdóttur, Hafnarfirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 23. okt. 1935.

Skipulagsskráin er þannig:

105
23. okt.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Gestsdóttur ljósmóður, til styrktar fátaekum námfúsum unglíngum í Hafnarfjarðarbæjarfélagi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Gestsdóttur, Hafnarfirði.